

Könnun á  
vinnustaðamenningu  
Alþingis

2020



FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN  
HÁSKÓLA ÍSLANDS





### *Lýsing á rannsókn*

Unnið fyrir	Alþingi
Markmið rannsóknar	Að safna og greina gögn um samskipti, einelti, kynferðislega og kynbundna áreitni meðal þingmanna, starfsfólks þingflokka og starfsfólks skrifstofu Alþingis
Dagsetning skýrsluskila	Maí 2020

### *Ábyrgðaraðilar*

Framkvæmd	Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands
Skýrsluhöfundar	Guðný Gústafsdóttir Ásdís A. Arnalds Ævar Þórólfsson



---

## EFNISYFIRLIT

<b>Töfluyfirlit</b> .....	<b>4</b>
<b>Myndayfirlit</b> .....	<b>6</b>
<b>Samantekt niðurstaðna</b> .....	<b>7</b>
<i>Samskipti</i> .....	7
<i>Einelti</i> .....	8
<i>Kynferðisleg áreitni</i> .....	8
<i>Kynbundin áreitni</i> .....	9
<b>Inngangur</b> .....	<b>11</b>
<b>Aðferð</b> .....	<b>13</b>
<i>Þátttakendur</i> .....	13
<i>Spurningalisti og mælingar</i> .....	13
<i>Úrvinnsla</i> .....	15
<b>Niðurstöður</b> .....	<b>16</b>
<i>Bakgrunnsupplýsingar</i> .....	16
<i>Samskipti</i> .....	18
<i>Einelti</i> .....	22
<i>Kynferðisleg áreitni</i> .....	25
<i>Kynbundin áreitni</i> .....	32
<i>Ofbeldishegðun gagnvart þingmönnum</i> .....	40
<i>Opin svör</i> .....	47
<b>Heimildir</b> .....	<b>49</b>



## TÖFLUYFIRLIT

Tafla 1. Upplýsingar um þátttakendur og svarhlutfall .....	13
Tafla 2. Hvert er starf þitt á Alþingi? .....	16
Tafla 3. Hvernig skilgreinir þú kyn þitt?.....	17
Tafla 4. Hver er aldur þinn?.....	17
Tafla 5. Hversu oft, ef einhvern tímann, hefur þú á síðastliðnum 6 mánuðum upplifað eftirfarandi í starfi þínu eða í tengslum við starf þitt á Alþingi? .....	19
Tafla 6. Telur þú kynferði þitt hafa haft áhrif á framgang þinn í starfi? .....	21
Tafla 7. Hefur þú einhvern tíma á starfstíma þínum á Alþingi orðið fyrir einelti í starfi þínu eða í tengslum við starf þitt? .....	23
Tafla 8. Í hversu langan tíma stóð/hefur eineltið staðið yfir? .....	24
Tafla 9. Hvenær varðst þú síðast fyrir einelti í tengslum við starf þitt? .....	24
Tafla 10. Tilkynntir þú um eineltið (eða ákveðna atburði þess)? .....	25
Tafla 11. Hefur þú einhvern tíma á starfstíma þínum á Alþingi orðið fyrir kynferðislegri áreitni í starfi þínu eða í tengslum við starf þitt? .....	26
Tafla 12. Í hversu langan tíma stóð/hefur kynferðislega áreitnin staðið yfir? .....	27
Tafla 13. Hvenær varðst þú síðast fyrir kynferðislegri áreitni?.....	28
Tafla 14. Hefur þú orðið fyrir kynferðislegri áreitni af fleiri en einum einstaklingi? .....	28
Tafla 15. Hver eða hverjir hafa áreitt þig kynferðislega? .....	29
Tafla 16. Hvert er kynferði þess/þeirra sem hefur/hafa áreitt þig kynferðislega? .....	29
Tafla 17. Tilkynntir þú um kynferðislegu áreitnina (eða ákveðna atburði hennar)? .....	30
Tafla 18. Hefur þú einhvern tíma á starfstíma þínum á Alþingi orðið fyrir kynbundinni áreitni starfi þínu eða í tengslum við starf þitt? .....	33
Tafla 19. Í hversu langan tíma varði kynbundna áreitnin?.....	34
Tafla 20. Hvenær varðst þú síðast fyrir kynbundinni áreitni? .....	35
Tafla 21. Hefur þú orðið fyrir kynbundinni áreitni af fleiri en einum einstaklingi?.....	35
Tafla 22. Hver eða hverjir hafa áreitt þig á grundvelli kyns? .....	36



---

Tafla 23. Hvert er kynferði þess/þeirra sem áreitti/áreittu þig á grundvelli kyns? .....	36
Tafla 24. Tilkynntir þú kynbundnu áreitnina (eða ákveðna atburði hennar)? .....	37
Tafla 25. Hafa myndir og/eða ummæli um þig sem höfðu kynferðislegar vísanir eða inntak birst í fjölmiðlum? .....	40
Tafla 26. Hafa myndir og/eða ummæli um þig sem höfðu kynbundnar vísanir eða inntak birst í fjölmiðlum eða á samfélagsmiðlum? .....	41
Tafla 27. Hvar hafa slíkar myndir/ummæli birst? .....	42
Tafla 28. Hefur þú orðið fyrir áreitni, þ.e.a.s. hegðun sem er ítrekuð og ógnandi, svo sem óumbeðinni athygli eða orðaskiptum eða annars konar samskiptum sem hafa vakið hjá þér óhug eða ótta? .....	43
Tafla 29. Hefur þú í tengslum við starf þitt einhvern tíma verið beitt/ur líkamlegu ofbeldi (t.d. verið slegin/n utan undir, þér ýtt eða einhverju kastað að þér)? .....	44
Tafla 30. Hefur þú einhvern tíma í tengslum við starf þitt orðið fyrir því að eignir þínar væru skemmdar eða eyðilagðar? .....	44
Tafla 31. Hefur nánustu fjölskyldumeðlimum þínum einhvern tíma verið hótad ofbeldi í tengslum við starf þitt? .....	45
Tafla 32. Telur þú að starf þitt hafi valdið fjölskyldumeðlimum þínum erfiðleikum í störfum þeirra eða námi? .....	45

---



## MYNDAYFIRLIT

Mynd 1. Vikuleg eða dagleg upplifun erfiðra samskipta þátttakenda .....	20
Mynd 2. Erfið samskipti greind eftir starfssviði þátttakenda.....	21
Mynd 3. Áhrif kynferðis á framgang í starfi greind eftir kyni þátttakenda .....	22
Mynd 4. Tíðni eineltis greind eftir starfssviði þolenda .....	23
Mynd 5. Kynferðisleg áreitni á Alþingi greind eftir kyni þolenda.....	27
Mynd 6. Hversu oft, ef einhvern tímann, hefur þú upplifað eftirfarandi í tengslum við starf þitt á síðustu 6 mánuðum? .....	31
Mynd 7. Kynbundin áreitni á Alþingi greind eftir kyni þolenda.....	33
Mynd 8. Kynbundin áreitni á Alþingi greind eftir starfssviði þolenda .....	34
Mynd 9. Hversu oft, ef einhvern tímann, hefur þú upplifað eftirfarandi í tengslum við starf þitt á síðustu 6 mánuðum? .....	38
Mynd 10. Kynbundin áreitni greind eftir starfssviði þolenda .....	39
Mynd 11. Kynferðislegar myndbirtingar og/eða ummæli greind eftir kyni þolenda.....	41
Mynd 12. Kynbundnar myndbirtingar og/eða ummæli greind eftir kyni þolenda.....	42
Mynd 13. Ítrekuð og ógnandi hegðun greind eftir kyni þolenda .....	43
Mynd 14. Hvort starfið hafi valdið fjölskyldumeðlimum erfiðleikum greint eftir kyni .....	46

## SAMANTEKT NIÐURSTAÐNA

Líkt og á við um aðra opinbera vinnustaði á Íslandi eru skýr viðmið um samskiptahætti á Alþingi. Siðareglum fyrir starfsfólk Alþingis er ætlað að vekja starfsfólk til vitundar um grunngildi opinberrar þjónustu með hliðsjón af því að Alþingi er fulltrúasamkoma þjóðkjörinna fulltrúa og handhafi löggjafarvalds. Siðareglurnar ber jafnframt að skoða í samhengi við almennar siðareglur starfsmanna ríkisins, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þá segir í áætlun um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi að „Einelti, kynferðisleg og kynbundin áreitni og ofbeldi, í hvaða mæli eða mynd sem það birtist, verður ekki látin viðgangast á skrifstofu Alþingis“ (Áætlun um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi, 2018).

Í siðareglum fyrir alþingismenn, 8 gr. um hátternisskyldur segir: „Þingmenn skulu ekki sýna öðrum þingmönnum, starfsmönnum þingsins eða gestum *kynferðislega* eða *kynbundna áreitni*, leggja þá í *einelti* eða *koma fram við þá á annan vanvirðandi hátt*“ (Siðareglur fyrir Alþingismenn, leturbreyting skýrsluhöfundar). Erfið samskipti, einelti, kynferðisleg- og kynbundin áreitni mældist þó í þessari könnun sérstaklega meðal þingmanna. Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum rannsóknarinnar.

### Samskipti

- Upplifun af erfiðum samskiptum var mæld með því að leggja 12 spurningar um reynslu af neikvæðum athöfnum eða athugasemdum fyrir þátttakendur. Þeir voru fjölmennastir sem nefndu að upplýsingum hafi verið haldið frá þeim, eða 46,4% (70 manns). Rúmlega 7% þeirra sem höfðu reynslu af því að upplýsingum væri haldið frá þeim upplifðu það viku- eða daglega. Hlutfallslega fæstir, eða 20 manns, (13,3%) greindu frá því að farið hafi verið inn á þeirra persónulega svæði, þeim ýtt eða för þeirra hafi verið hindruð og 1,3% upplifðu slíkt viku- eða daglega. Það var því nokkuð um að þátttakendur hefðu reynslu af þeim neikvæðu athöfnum eða athugasemdum sem tilgreindar voru, en sjaldgæft var að þátttakendur hefðu upplifað slíkt vikulega eða daglega.
- Alls höfðu 17,8% þátttakenda (27 manns) upplifað eina eða fleiri tegundir erfiðra samskipta vikulega eða daglega. Erfið samskipti undangengna sex mánuði mældust mest meðal þingmanna, eða 42,2% (19 manns af 45). Tæplega fjórðungur starfsfólks þingflokka greindi frá viku- eða daglegum erfiðum samskiptum og 4,5% starfsfólks skrifstofu Alþingis.

- Mikill meirihluti þátttakenda, eða 75,4% (107 manns), taldi eigið kynferði ekki hafa áhrif á framgang sinn í starfi. Þó töldu 20,4% (29 einstaklingar) kyn sitt hafa áhrif til hins verra en 4,2% töldu áhrifin af eigin kyni hafa verið til hins betra. Hlutfallslega fleiri konur en karlar töldu kynferði sitt hafa neikvæð áhrif á möguleika sína á framgangi í starfi. Hlutfallið var sérstaklega hátt meðal þingmanna en 59% kvenkyns þingmanna (10 af 17) töldu kyn sitt hamla framgangsmöguleikum sínum, samanborið við 17% karlkyns þingmanna (4 af 24).

## Einelti

- Mikill meirihluti þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar um hvort þeir hefðu einhvern tíma orðið fyrir einelti í starfi sínu á Alþingi svöruðu því neitandi, eða 80% (112 manns). Þó svöruðu 20% spurningunni játandi (28 manns) en 13 af 153 þátttakendum í könnuninni tóku ekki afstöðu til spurningarinnar.
- Einelti var algengast meðal þingmanna, en 35,7% þeirra (15 af þeim 42 sem tóku afstöðu), greindu frá því að hafa orðið fyrir einelti í eða í tengslum við starfið. Hlutfallið var 15% meðal starfsfólks skrifstofu (12 af 80) og 6,3% meðal starfsfólks þingflokka (1 af 16). Ekki var mælanlegur kynjamunur á hlutfalli þeirra sem greindu frá því að hafa orðið fyrir einelti.
- Af þeim 28 svarendum sem orðið höfðu fyrir einelti sögðu 9 þeirra að það hefði varað á bilinu 1-2 ár. Sex svarendur sögðu eineltið hafa staðið yfir innan við 6 mánuði og jafnmargir sögðu eineltið hafa staðið yfir lengur en í 2 ár. Þegar spurt var hvenær eineltið átti sér síðast stað kom í ljós að algengast var að það hafi átt sér stað á síðustu 6 mánuðum eða fyrir 1-5 árum (10 í hvorum hópi).

## Kynferðisleg áreitni

- Mikill meirihluti þátttakenda hafði ekki reynslu af kynferðislegri áreitni í starfi eða í tengslum við starf sitt á Alþingi, eða 84% (126 manns). Hlutfall þeirra sem greindu frá því að hafa einhvern tíma orðið fyrir kynferðislegri áreitni var 16% (24 einstaklingar) en 3 einstaklingar tóku ekki afstöðu til spurningarinnar.
- Af þeim 24 einstaklingum sem höfðu reynslu af kynferðislegri áreitni, upplifðu 11 áreitnina fyrir 1-5 árum síðan og 9 upplifðu hana fyrir meira en 5 árum síðan. Hlutfall þolenda kynferðislegrar áreitni af hálfu eins geranda, annars vegar, eða fleiri geranda, hins vegar, var jafnt. Helmingur varð fyrir kynferðislegri áreitni af hálfu eins einstaklings og helmingur af hálfu fleiri en eins einstaklings. Þá sögðust 50% þolenda hafa orðið fyrir kynferðislegri



áreitni á Alþingi eingöngu, 25% bæði innan og utan Alþingis og 25% eingöngu utan Alþingis.

- Mikill meirihluti þeirra sem þátttakendur rannsóknarinnar greindu frá að hafi áreitt sig kynferðislega voru karlar, eða 87,5% en 12,5% gerenda voru konur.
- Einungis mjög lítt hluti þeirra sem orðið höfðu fyrir kynferðislegri áreitni tilkynntu athæfið, eða 3 svarendur af 24 (12,5%).
- Óbein mæling á kynferðislegri áreitni meðal allra þátttakanda leiddi í ljós að ríflega 27% þátttakenda (40 manns) höfðu upplifað eitt eða fleiri atriði mælikvarðans sem lagður var fyrir í könnuninni. Algengast var að hafa upplifað óviðeigandi brandara með kynferðislegum undirtón (17,6%) og óþarflega mikla nálægð, faðmlög, kossa eða aðra snertingu sem viðkomandi kærði sig ekki um (16,1%).

## Kynbundin áreitni

- Mikill meirihluti þátttakenda sagðist ekki hafa orðið fyrir kynbundinni áreitni í starfi sínu eða í tengslum við starf sitt á Alþingi, eða 81,6% (120 manns). Alls greindu 18,4% (27 einstaklingar) frá reynslu af kynbundinni áreitni. Sex einstaklingar kusu að svara ekki spurningunni.
- Kynbundin áreitni mældist mest meðal þingmanna, eða 31,8% (14 af 44), og höfðu hlutfallslega fleiri konur (25%) en karlar (10,4%) orðið fyrir kynbundinni áreitni.
- Mikill meirihluti þeirra sem beittu kynbundinni áreitni voru karlar, eða rúm 74%.
- Flestir þeirra sem orðið höfðu fyrir kynbundinni áreitni sögðu hana hafa staðið lengur en í 2 ár, eða 8 manns og næst flestir greindu frá því að hafa upplifað kynbundna áreitni í innan við 6 mánuði. Þegar spurt var hvenær áreitnin átti sér síðast stað kom í ljós að flestir, eða 10 manns, sögðu hana síðast hafa átt sér stað fyrir 1-5 árum síðan, 7 höfðu orðið fyrir kynbundinni áreitni á síðustu 6 mánuðum og jafnmargir fyrir meira en 5 árum síðan.
- Hlutfallslega flestir þeirra sem orðið höfðu fyrir kynbundinni áreitni í starfi eða í tengslum við starf sitt urðu fyrir henni af hendi fleiri en eins einstaklings, eða 64% (16 manns).
- Niðurstöður sýndu að af þeim 27 sem urðu fyrir kynbundinni áreitni urðu 44,4% fyrir kynbundinni áreitni á vinnustað eingöngu og önnur 44,4% bæði innan og utan vinnustaðar.
- Einungis 2 af þeim 27 þátttakendum sem höfðu orðið fyrir kynbundinni áreitni tilkynntu hana.



- Óbein mæling á kynbundinni áreitni meðal allra þátttakenda könnunarinnar leiddi í ljós að 32% þátttakenda höfðu upplifað eitt eða fleiri atriði mælikvarðans. Hlutfallslega flestir höfðu upplifað að lítið hefði verið gert úr þeim eða hæfileikum þeirra vegna kyns þeirra, eða 18%.
- Hlutfall þeirra sem höfðu orðið fyrir kynbundinni áreitni undangengna 6 mánuði, þegar hún var mæld á óbeinan hátt, var 59,1% meðal þingmanna (26 af 44), 35,3% meðal starfsfólks þingflokks (6 af 17) og 17,2% meðal starfsfólks skrifstofu Alþingis (15 af 87).

## INNGANGUR

Árið 2016 lét Alþjóðþingmannasambandið (IPU) gera viðtalsrannsókn við 55 þingkonur frá 39 löndum sem sýndi fram á að kynbundin- og kynferðisleg áreitni var daglegur veruleiki meirihluta þingkvenna í þeim löndum sem rannsóknin náði til. Alþjóðþingmannasambandið og Evrópuráðsþingið (PACE) stóðu síðan fyrir ítarlegri viðtalsrannsókn á kynferðislegri áreitni og ofbeldi á evrópskum þjóðþingum árið 2018 með það að markmiði að kortleggja algengi og eðli ofbeldisins nánar og jafnframt að rjúfa þá þögn sem ríkt hafði um málaflokkinn. Rannsóknin náði til 123 kvenna frá 45 löndum og voru 81 kvennanna þingkonur og 42 starfsmenn þjóðþinganna. Rannsóknin leiddi í ljós að mikill meirihluti kvennanna hafði orðið fyrir kynferðislegri- og/eða kynbundinni áreitni eða ofbeldi (IPU, 2018).

Í kjölfar #MeToo hreyfingarinnar haustið 2017 varð alþjóðleg umræða um kynferðislega- og kynbundna áreitni hávær. Á Íslandi greindu yfir 400 konur í stjórnámálum frá því að hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni á starfsferli sínum undir yfirskriftinni „Í skugga valdsins: #MeToo“. Fjölmargar aðrar stéttir kvenna stigu fram og þúsundir kvenna skrifuðu undir áskorun um að á þær væri hlustað og kröfðust breytinga.

Árið 2019 var gerð viðamikil rannsókn á íslenskum vinnumarkaði til þess að meta umfang og eðli kynferðislegrar- og kynbundinnar áreitni og eineltis á vinnustöðum. Í niðurstöðum rannsóknarinnar kom fram að þrátt fyrir meðvitund fólks á vinnumarkaði um kynferðislega- og kynbundna áreitni og að þeir verkferlar sem kveðið er á um í lögum og reglum séu yfirleitt fyrir hendi á vinnustöðum, er algengi slíkra mála enn töluvert og vinnustaðir eru almennt ekki í stakk búnir til þess að bregðast við áreitnismálum af þeirri fagmennsku og skilvirkni sem þörf er á (Margrét Valdímarsdóttir o.fl. 2019).

Áhrif eineltis, kynferðislegrar- og kynbundinnar áreitni á heilsu og líðan þolenda geta verið alvarleg og langvarandi. Afleiðingarnar birtast m.a. í andlegri vanlíðan, veikindum og kulnun og ljóst er að þær draga úr starfsöryggi og vinnugetu fólks (Harris og Leather, 2012; Piquero, Piquero, Craig og Clipper, 2013). Því er brýnt að kortleggja og greina vandann á sem nákvæmastan máta þannig að unnt sé að vinna að úrbótum í málaflokknum.

Alþjóðlegar rannsóknir hafa leitt í ljós að ólík valdastaða karla og kvenna liggur til grundvallar kynjuðum samskiptum að áreitni meðtaldri. Flestar kenningar á kynferðislegri- og kynbundinni

áreitni ganga því út frá hefðbundnum kynjuðum valdatengslum, þ.e. yfirskipun karla og undirskipun kvenna, sem forsendu áreitni af kynferðislegum og kynbundnum toga (sjá t.d. Willnes, Steel og Lee, 2007). Á sama tíma hefur verið sýnt fram á að konur í valdastöðu eru ekki síður útsettar fyrir kynferðislegri og kynbundinni áreitni á vinnustöðum. Aukin völd kvenna á vinnumarkaði geta haft ógnandi áhrif á hefðbundna valdhafa, þ.e.a.s. karla í valdastöðu, sem nýta kynferðislega- og kynbundna áreitni sem tæki til þess að halda konum niðri (McLaughlin, Uggen og Blackstone, 2012).

Birtingarmyndir erfiðra samskipta, eineltis, kynferðislegrar- og kynbundinnar áreitni eru fjölmargar og erfitt að kortleggja með beinum, meginndlegum mælingum eingöngu. Þá sýna alþjóðlegar rannsóknir að þegar spurt er um viðkvæm málefni líkt og áreitni og einelti með beinum hætti forðast þátttakendur oft að skilgreina sig sem þolendur slíkrar hegðunar og hætta er á vanmati (Tourangeau og Yan, 2007). Því mæla rannsakendur með því að notaðar séu bæði beinar og óbeinar mælingar til þess að fá sem nákvæmastar niðurstöður (Hoel, Cooper og Rayner, 1999). Í rannsókn þessari voru bæði beinar og óbeinar mælingar nýttar til þess að fá eins glögga mynd af málaflokknum innan Alþingis og mögulegt er með meginndlegri nálgun á viðfangsefnið.

Hér á eftir er greint frá niðurstöðum rannsóknar sem Alþingi fól Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands að gera. Skýrslan ber titilinn „Könnun á vinnustaðamenningu Alþingis“ en með hugtakinu vinnustaðamenning er hér einungis átt við þau viðmið og venjur sem á gilda á vinnustað (Drennan, 1992) sem skapa grundvöll fyrir og viðhalda þeim forsendum sem óæskileg hegðun líkt og erfið samskipti, einelti, kynferðisleg- og kynbundin áreitni þrífst í. Markmið rannsóknarinnar var að safna og greina gögn um samskipti, einelti, kynferðislega og kynbundna áreitni meðal þingmanna, starfsfólks þingflokka og starfsfólks skrifstofu Alþingis. Rannsóknin er innlegg Alþingis í því ferli að kortleggja umfang valdbeitingar í samskiptum á þjóðþingum Evrópu og um leið á íslenskum vinnustöðum.

## AÐFERÐ

### Þátttakendur

*Tafla 1. Upplýsingar um þátttakendur og svarhlutfall*

	Fjöldi í þýði	Fjöldi svara	Svarhlutfall
Starfsmaður skrifstofu Alþingis	116	89	76,7%
Starfsmaður þingflokks	26	17	65,4%
Þingmaður	64	45	70,3%
Vil ekki svara	-	2	-
<b>Alls</b>	<b>206</b>	<b>153</b>	<b>74,3%</b>

Spurningalisti könnunarinnar var sendur á allt þýðið, þ.e.a.s. starfsfólk skrifstofu, starfsmenn þingflokka og þingmenn. Af 206 manns svöruðu 153 og því var svarhlutfallið 74,3%.

### Spurningalisti og mælingar

Gerður var spurningalisti sem lagður var fyrir í rannsókninni. Spurningalistinn skiptist í megindráttum í fimm hluta þar sem spurt var um samskipti, einelti, kynferðislega áreitni og kynbundna áreitni auk spurninga sem voru þýddar úr rannsókn Alþjóðáþingmannasambandsins (IPU) og Evrópuráðspingsins (PACE) frá árinu 2018 (IPU, 2018). Ein opin spurning var í lok könnunarinnar þar sem þátttakendur gátu komið á framfæri atriðum sem könnunin náði ekki til.

Í könnuninni voru tvö konar mælingar nýttar. Annars vegar beinar mælingar, þar sem einelti, kynferðisleg áreitni og kynbundin áreitni var mæld með því að spyrja þátttakendur beint, hvort þeir hafi orðið fyrir slíku. Beinni mælingu á einelti, kynferðislegri áreitni og kynbundinni áreitni fylgdu skilgreiningar á hugtökunum sem voru fengnar úr reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum nr. 1009/2015. Hins vegar voru nýttar óbeinar mælingar þar sem þátttakendur eru spurðir um reynslu sína af ýmsum atvikum og hegðun sem falla undir skilgreiningu á einelti, kynferðislegri áreitni og kynbundinni áreitni. Á grundvelli svara við þessum spurningum er lagt mat á tíðni eineltis og áreitni. Í beinu mælingunni var spurt um reynslu af einelti og áreitni á starfstíma þátttakenda á Alþingi en í spurningunum sem tilheyrðu óbeinu mælingunni er spurt um síðustu sex mánuði. Spurningarnar sem lagðar voru fyrir þingmenn eingöngu, samdar með hliðsjón af IPU rannsókninni árið 2018 voru beinar spurningar.

Þegar spurt var um erfið samskipti var notaður mælikvarði og kynferðisleg og kynbundin áreitni var mæld með bæði beinum hætti og með því að nota mælikvarða. Í kvörðunum sem nýttir voru til mælinga á erfiðum samskiptum, kynferðislegri áreitni og kynbundinni áreitni var spurt hvort og þá hversu oft viðkomandi taldi sig hafa upplifað að tilgreindar neikvæðar athafnir og/eða athugasemdir hafi beinst gegn sér. Samskiptin eða áreitnin voru því mæld með ákveðnum fjölda atriða sem mynduðu kvarða.

Í viðtalsrannsókn IPU og PACE frá árinu 2018 var spurningarammi hafður til hliðsjónar með samtals 4 umræðupemum og 14 undirspurningum (IPU, 2018). Rannsóknin náði eingöngu til kvenna sem störfuðu á þjóðþingum. Í rannsókn þessari voru 8 spurningar teknar úr rammanum, þýddar og aðlagðar könnuninni þannig að svör við spurningunum voru takmörkuð við ákveðna svarmöguleika. Spurningarnar voru lagðar fyrir alla þingmenn Alþingis, konur og karla.

### *Mælikvarði á erfið samskipti*

Kvarðinn sem nýttur var í þessari könnun til mælinga á erfiðum samskiptum kallast *Negative Acts Questionnaire (NAQ)* og var hannaður af Dr. Ståle Einersen, háskólanum í Bergen í Noregi til mælinga á einelti. Kvarðinn hefur verið notaður í rannsóknum á einelti í starfi í Noregi, Danmörku og Bretlandi um árabil og einnig hér á landi (Einarsen og Raknes, 1997; Hoel, Cooper og Faragher, 2001; Mikkelsen og Einarsen, 2001; Andrea G. Dofradóttir o.fl., 2004; Margrét Valdimarsdóttir o.fl., 2019; Guðný Gústafsdóttir og Ásdís Arnalds, 2020). Upphaflegur kvarði inniheldur 22 atriði um neikvæðar athafnir eða athugasemdir sem taldar eru geta falið í sér einelti og er svarandi beðinn að meta hversu oft á síðastliðnum sex mánuðum þessar athafnir eða athugasemdir hafi beinst gegn honum. Svári þátttakendur því til að hafa upplifað eitthvað af þeim atriðum sem spurt er um, viku- eða daglega á síðustu 6 mánuðum, eru þeir, samkvæmt skilgreiningu á óbeinni mælingu, þolendur eineltis. Í þessari rannsókn voru nýtt 12 atriði kvarðans til mælinga á erfiðum samskiptum. Svarmöguleikarnir eru *aldrei*, *öðru hverju*, *mánaðarlega*, *vikulega* og *daglega*. Til að meta gæði kvarðans var áreiðanleiki (*reliability*) hans mældur. *Cronbach's alpha* sýnir að kvarðinn er mjög áreiðanlegur, Cronbach's alpha=0,928 (yfir 0,7 telst áreiðanleg mæling).

### *Mælikvarði á kynferðislegri áreitni*

Mælikvarðinn á kynferðislegri áreitni var einnig hannaður af Dr. Ståle Einersen, háskólanum í Bergen í Noregi. Kvarðinn hefur verið notaður í rannsóknum á kynferðislegri áreitni í Noregi, Bandaríkjunum og á Íslandi (Einarsen og Sørum, 1996; Andrea G. Dofradóttir o.fl., 2004; Margrét

Valdimarsdóttir o.fl., 2019; Guðný Gústafsdóttir og Ásdís Arnalds, 2020). Hann inniheldur 11 atriði um neikvæðar athafnir eða athugasemdir af kynferðislegum toga og er svarandi beðinn að meta hversu oft á síðastliðnum sex mánuðum þessar athafnir eða athugasemdir hafi beinst gegn honum. Í rannsókn þessari voru 9 atriði kvarðans nýtt. Kvarðinn er í megin dráttum sambærilegur þeim sem nýttur var í rannsókninni Valdbeiting á vinnustað sem unnin var fyrir velferðarráðuneytið árið 2019 (Margrét Valdimarsdóttir o.fl., 2019). Svarmöguleikarnir eru *aldrei*, *einu sinni*, *2-5 sinnum* og *oftar en 5 sinnum*. Reiknaður var áreiðanleiki (*reliability*) kvarðans til að meta gæði hans. *Cronbach's alpha* sýndi að kvarðinn er áreiðanlegur, Cronbach's alpha=0,713 (yfir 0,7 telst áreiðanlegur kvarði).

### *Mælikvarði á kynbundinni áreitni*

Mælikvarði á kynbundinni áreitni var hannaður af Ástu Snorradóttur, lektor við HÍ, fyrir rannsóknina Valdbeiting á vinnustað sem unnin var af Félagsvísindastofnun HÍ fyrir velferðarráðuneytið (Margrét Valdimarsdóttir o.fl., 2019). Hann inniheldur 4 atriði um neikvæðar athafnir eða athugasemdir sem beinast gegn kyni viðkomandi og er svarandi beðinn að meta hversu oft á síðastliðnum sex mánuðum þessar athafnir eða athugasemdir hafi beinst gegn honum. Svarmöguleikarnir eru *aldrei*, *af og til* og *vikulega*. Reiknaður var áreiðanleiki (*reliability*) kvarðans til að meta gæði hans. *Cronbach's alpha* sýndi að kvarðinn er áreiðanlegur, Cronbach's alpha=0,755.

## Úrvinnsla

Birt er tíðni fyrir allar spurningar könnunarinnar. Þar sem því var við komið voru svör greind eftir kyni og stöðu viðkomandi á Alþingi en vegna fárra svara/svarenda voru spurningarnar ekki alltaf greindar eftir bakgrunnspáttum.




## NIÐURSTÖÐUR

Niðurstöðum rannsóknarinnar er skipt í sjö undirkafla. Í fyrsta kafla er greint frá bakgrunni þátttakenda. Í kafla tvö til fimm er greint frá svörum þátttakenda um samskipti, einelti, kynferðislega- og kynbundna áreitni og í kafla sex er greint frá niðurstöðum svara við spurningum sem beint var til þingmanna eingöngu og voru samdar með hliðsjón af rannsókn IPU 2018. Að lokum er greiningu svara við opinni spurningu rannsóknarinnar að finna í kafla sjö.

### Bakgrunnsupplýsingar

Í töflu 2 má sjá hvernig þátttakendur dreifðust hlutfallslega eftir starfssviði.

**Tafla 2. Hvert er starf þitt á Alþingi?**



	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/- 0%		100%
Starfsmaður skrifstofu Alþingis	89	58,9%	7,8%		58,9%
Starfsmaður þingflokks	17	11,3%	5,0%		11,3%
Þingmaður	45	29,8%	7,3%		29,8%
Alls	151	100,0%			
Fjöldi svarenda	151	98,7%			
Veit ekki	0	0,0%			
Vil ekki svara	2	1,3%			
Heildarfjöldi	153	100,0%			

Taflan sýnir að stærsta hópin myndar starfsfólk skrifstofu Alþingis, eða 58,9% svarenda. Starfsmenn þingflokka voru 11,3% svarenda og þingmenn 29,8%. Tveir þátttakendur kusu að svara ekki til um starf sitt á Alþingi.

Í töflu 3 má sjá skiptingu svarenda eftir því hvernig þeir skilgreindu kyn sitt en auk hefðbundinnar skilgreiningar á kyni í konur og karla var gefinn kostur á að fólk skilgreindi sig með öðrum hætti.








**Tafla 3. Hvernig skilgreinir þú kyn þitt?**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/- 0%	
Karl	69	45,1%	7,9%	 45,1%
Kona	84	54,9%	7,9%	 54,9%
Alls	153	100,0%		
Fjöldi svarenda	153	100,0%		
Veit ekki	0	0,0%		
Vil ekki svара	0	0,0%		
Heildarfjöldi	153	100,0%		

Líkt og taflan sýnir voru konur í meirihluta svarenda, eða 54,9%, og karlar 45,1%. Enginn einstaklingur skilgreindi sig með öðrum hætti. Tafla 4 sýnir aldursbil svarenda en boðið var upp á að merkja við fimm aldursbil.

**Tafla 4. Hver er aldur þinn?**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/- 0%	
30 ára eða yngri	14	9,5%	4,7%	 9,5%
31-40 ára	32	21,8%	6,7%	 21,8%
41-50 ára	44	29,9%	7,4%	 29,9%
51-60 ára	35	23,8%	6,9%	 23,8%
Eldri en 60 ára	22	15,0%	5,8%	 15,0%
Alls	147	100,0%		
Fjöldi svarenda	147	96,1%		
Veit ekki	0	0,0%		
Vil ekki svара	6	3,9%		
Heildarfjöldi	153	100,0%		

Hlutfallslega flestir svarenda voru á aldursbilinu 41-50 ára, eða tæp 30%, og næst flestir á bilinu 51-60 ára eða 23,8%. Þá voru 21,8% á aldursbilinu 31-40 ára, 15% eldri en 60 ára og 9,5% voru 30 ára eða yngri. Sex einstaklingar kusu að gefa ekki upp á hvaða aldursbili þeir voru.

## Samskipti

Sem elsta og æðsta stofnun landsins er Alþingi fordæmisgefandi, bæði í hlutverki sínu sem fulltrúasamkoma þjóðkjörinna fulltrúa og handahafi löggjafarvalds á Íslandi, en einnig sem vinnustaður. Samkvæmt 1 gr. um tilgang siðareglna alþingismanna fela þær í sér:

viðmið um hátterni [alþingismanna] sem þjóðkjörinna fulltrúa. Tilgangur þeirra er að efla gagnsæi í störfum alþingismanna og ábyrgðarskyldu þeirra, svo og tiltrú og traust almennings á Alþingi (Siðareglur fyrir alþingismenn).

Nánar er greint frá viðmiðum um hátterni í kaflanum um meginreglur, 5. gr., þar sem meðal annars segir að alþingismenn skuli „ekki kasta rýrð á Alþingi eða skaða ímynd þess með framkomu sinni“ og að sem kjörnir fulltrúar skuli þeir „leggja sig fram um að skapa í störfum sínum heilbriggt starfsumhverfi innan þings sem utan“ (Siðareglur fyrir alþingismenn). Siðareglur alþingismanna kveða því skýrt á um háttvísi í samskiptum.

Starfsfólk skrifstofu Alþingis lýtur sömuleiðis siðareglum sem samkvæmt inngangi þeirra hafa grunnildin „fagmennsku, þjónustulund og samvinnu“ í fyrirrúmi (Siðareglur fyrir starfsmenn Alþingis). Siðareglurnar ber að skoða í samhengi við almennar siðareglur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 sem m.a. kveða á um í IV kafla 14 gr. að „starfsmanni er skylt að rækja starf sitt með alúð og samviskusemi í hvívetna. Hann skal gæta kurteisi, lipurðar og réttisýni í starfi sínu“ (Lög 70/1996).

Í rannsókninni var spurt um samskipti með því að leggja fyrir kvarða með 12 atriðum. Tafla 5 birtir tíðni yfir þessi atriði.

**Tafla 5. Hversu oft, ef einhvern tímann, hefur þú á síðastliðnum 6 mánuðum upplifað eftirfarandi í starfi þínu eða í tengslum við starf þitt á Alþingi?**

Hversu oft, ef einhvern tíma, hefur þú á síðastliðnum 6 mánuðum upplifað eftirfarandi í starfi þínu eða í tengslum við starf þitt á Alþingi?

	Aldrei		Öðru hverju		Mánaðarlega		Vikulega		Daglega		Alls
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	
Að einhver láti þig ekki hafa upplýsingar sem þú þarft til að sinna starfi þínu eða gætu haft áhrif á frammistöðu þína í starfi?	81	53,6%	50	33,1%	9	6,0%	8	5,3%	3	2,0%	151
Að þú sért niðurlægð/ur eða gerð/ur að athlægi í tengslum við starf þitt?	112	74,2%	24	15,9%	7	4,6%	5	3,3%	3	2,0%	151
Að slúðrað sé um þig eða sögusögnum sé dreift?	98	67,1%	32	21,9%	8	5,5%	6	4,1%	2	1,4%	146
Að móðgandi eða særandi athugasemdir séu gerðar um þig, viðhorf þín eða einkalíf?	104	69,3%	30	20,0%	8	5,3%	5	3,3%	3	2,0%	150
Að öskrað sé á þig eða reiðiköst látin bitna á þér?	112	74,7%	33	22,0%	3	2,0%	2	1,3%	0	0,0%	150
Ógnandi hegðun, eins og að fingri sé bent á þig, farið inn á persónulegt svæði þitt, ýtt sé við þér eða að einhver hindri för þína?	130	86,7%	17	11,3%	1	0,7%	2	1,3%	0	0,0%	150
Að aðrir gefi í skyn að þú ættir að segja upp starfi þínu?	122	81,9%	21	14,1%	5	3,4%	0	0,0%	1	0,7%	149
Að þú fái endurtekna áminningar um mistök þín?	126	84,6%	16	10,7%	4	2,7%	2	1,3%	1	0,7%	149
Að aðrir hunsi þig eða sýni fjandsamlega hegðun þegar þú nálgast?	111	75,5%	26	17,7%	3	2,0%	4	2,7%	3	2,0%	147
Að skoðanir þínar séu hunsaðar?	87	59,6%	44	30,1%	7	4,8%	5	3,4%	3	2,1%	146
Að fylgst sé óþarflega vel með vinnu þinni?	113	77,9%	20	13,8%	4	2,8%	6	4,1%	2	1,4%	145
Að þér sé strítt óhóflega mikið eða talað um þig í kaldhæðni?	116	77,9%	25	16,8%	3	2,0%	4	2,7%	1	0,7%	149


Líkt og taflan sýnir hafði einungis lítill hluti þátttakenda tíða reynslu af þeim atriðum sem spurt var um í samskiptakvarðanum. Flestir höfðu reynslu af því að upplýsingum hefði verið haldið frá þeim, en 46,4% höfðu einhvern tíma lent í slíku á undangengum 6 mánuðum. Hlutfallslega fæstir þátttakenda nefndu að þeim hefði verið sýnd ógnandi hegðun þannig að bent hafi verið á þá, farið hafi verið inn á persónulegt svæði þeirra eða þeim ýtt, eða 13,3% þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar.

Þeir sem svöruðu því til að hafa upplifað eitthvað af þeim atriðum sem spurt var um, viku- eða daglega á síðustu 6 mánuðum teljast, líkt og áður sagði, þolendur eineltis samkvæmt upphaflegri skilgreiningu mælikvarðans. Þó ber að hafa í huga að upphaflegi mælikvarðinn innihélt mun fleiri atriði. Alls höfðu 17,8% svarenda, eða 27 manns, orðið fyrir einhverju þessara atvika vikulega eða daglega (sjá mynd 2 bls. 21). Til glöggvunar má sjá hlutfall þeirra sem hafði upplifað þessi atvika viku- eða daglega á mynd 1 hér á eftir.



### Mynd 1. Vikuleg eða dagleg upplifun erfiðra samskipta þátttakenda

Á myndinni má sjá að 7,3% svarenda höfðu reynslu af því að upplýsingum sem voru mikilvægar fyrir starf þeirra væri haldið frá þeim, vikulega eða daglega (8 manns greindu frá því að upplifa athæfið vikulega og 3 daglega, sjá töflu 5). Átta svarendur, eða 5,5% svöruðu til um að hafa reynslu af því að fylgst væri óþarflega vel með vinnu þeirra (6 einstaklingar vikulega og 2 einstaklingar daglega, sjá töflu 5). Sömuleiðis höfðu átta manns reynslu af því að slúðrað væri um þá og jafnmargir að skoðanir þeirra væru hunsaðar (5 einstaklingar vikulega og 3 daglega, sjá töflu 5). Þegar svörin við því hvort þátttakendur höfðu upplifað einhver ofantalinna atvika (tafla 5) voru greind eftir starfssviði kom í ljós að vikuleg eða dagleg erfið samskipti eiga sér helst stað meðal þingmanna Alþingis (mynd 2).



**Mynd 2. Erfið samskipti greind eftir starfssviði þátttakenda**


Líkt og mynd 2 sýnir mældust erfið samskipti mest meðal þingmanna. Af þeim 45 þingmönnum sem tóku afstöðu, höfðu 19, eða ríflega 42%, upplifað erfið samskipti vikulega eða daglega. Alls greindu 4,5% svarenda af skrifstofu Alþingis (4 einstaklingar) frá því að hafa upplifað eitt eða fleiri erfið atriði vikulega eða daglega og 23,5% starfsmanna þingflokka (sömuleiðis 4 einstaklingar).

Í töflu 6 má sjá hvort svarendur töldu kynferði sitt hafa haft áhrif á framgang sinn í starfi.

**Tafla 6. Telur þú kynferði þitt hafa haft áhrif á framgang þinn í starfi?**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/- 0%	
Já, til hins betra	6	4,2%	3,3%	4,2%
Nei, engin áhrif	107	75,4%	7,1%	75,4%
Já, til hins verra	29	20,4%	6,6%	20,4%
Alls	142	100,0%		
Fjöldi svarenda	142	92,8%		
Veit ekki	0	0,0%		
Vil ekki svara	11	7,2%		
Heildarfjöldi	153	100,0%		

Mikill meirihluti, eða 75,4%, (107 einstaklingar) taldi eigið kynferði ekki hafa haft áhrif á framgang í starfi. Þó sögðu 20,4% aðspurðra (29 einstaklingar) kynferði sitt hafa haft áhrif til hins verra og 4,2% (6 einstaklingar) sögðu kynferði sitt hafa haft jákvæð áhrif á framgang þeirra í starfi. Greining svara eftir kyni þátttakenda er sýnd á mynd 3.



**Mynd 3. Áhrif kynferðis á framgang í starfi greind eftir kyni þátttakenda**

Af þeim sem tóku þátt í rannsókninni greindu hlutfallslega mun fleiri konur en karlar frá því að kyn þeirra hafi haft áhrif til hins verra á framgangsmöguleika í starfi (mynd 3). Þennan kynjamun var fyrst og fremst að finna meðal þingmanna, en 59% kvenkyns þingmanna (10 af 17) töldu kyn sitt hamla framgangsmöguleikum sínum, samanborið við 17% karlkyns þingmanna (4 af 24).

## Einelti

Í kaflanum hér á eftir er fjallað um niðurstöður beinna mælinga á einelti innan Alþingis. Beinur mælingunni fylgdi skilgreining á einelti úr reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum nr. 1009/2015:

Einelti er síendurtekin hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður svo sem að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða að valda honum ótta. Skoðanaágreiningur eða ágreiningur vegna ólíkra hagsmuna fellur ekki hér undir.


Í fyrstu spurningu könnunarinnar um einelti voru þátttakendur spurðir hvort þeir hefðu einhvern tíma á starfsíma sínum á Alþingi orðið fyrir einelti í starfi eða í tengslum við starf sitt. Tafla 7 sýnir tíðni eineltis meðal þeirra sem tóku þátt í könnuninni.

**Tafla 7. Hefur þú einhvern tíma á starfstíma þínum á Alþingi orðið fyrir einelti í starfi þínu eða í tengslum við starf þitt?**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/- 0%	
Nei	112	80,0%	6,6%	80,0%
Já	28	20,0%	6,6%	20,0%
Alls	140	100,0%		
Fjöldi svarenda	140	91,5%		
Veit ekki	0	0,0%		
Vil ekki svara	13	8,5%		
Heildarfjöldi	153	100,0%		

Mikill meirihluti svarenda kvaðst ekki hafa orðið fyrir einelti, eða 80%, en 20% höfðu reynslu af því. Nokkuð margir, eða 13 manns, kusu að taka ekki afstöðu til spurningarinnar. Samskonar mæling í Háskóla Íslands árið 2019 leiddi í ljós að 10,7% starfsfólks hafði orðið fyrir einelti. Í vinnumarkaðsrannsókn velferðaráðuneytisins voru þátttakendur spurðir hvort þeir hefðu einhvern tímann á vinnuferli sínum orðið fyrir einelti og sögðust ríflega 21% hafa reynslu af því. Þar sem spurning vinnumarkaðsrannsóknarinnar spannar mögulega lengri tíma og fleiri vinnustaði ber að taka þann samanburð með fyrirvara.

Greining svara eftir bakgrunni þátttakenda leiddi í ljós nokkurn mun eftir starfssviði svarenda líkt og fram kemur á mynd 4.



**Mynd 4. Tíðni eineltis greind eftir starfssviði þolenda**

Hlutfallslega fleiri þingmenn greindu frá því að hafa orðið fyrir einelti í eða í sambandi við starf sitt en annað starfsfólk, eða 35,7% þingmanna (15 af 42) samanborið við 15% starfsfólks skrifstofu (12 af 80) og 6,3% starfsfólks þingflokks (1 af 16). Greining eftir kyni leiddi í ljós að konur og karlar greindu í jafn miklum mæli frá því að hafa orðið fyrir einelti.

Þeir sem greindu frá því að hafa orðið fyrir einelti í starfi sínu eða í tengslum við starf sitt á Alþingi voru síðan spurðir nánar út í eineltið. Í töflu 8 má svör þátttakenda við spurningunni hversu lengi eineltið varði.

**Tafla 8. Í hversu langan tíma stóð/hefur eineltið staðið yfir?**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/- 0%	
Innan við 6 mánuði	6	23,1%	16,2%	23,1%
Á bilinu 6-11 mánuði	5	19,2%	15,1%	19,2%
Á bilinu 1-2 ár	9	34,6%	18,3%	34,6%
Lengur en 2 ár	6	23,1%	16,2%	23,1%
Alls	26	100,0%		
Fjöldi svarenda	26	17,0%		
Veit ekki	0	0,0%		
Vil ekki svara	2	1,3%		
Á ekki við	125	81,7%		
Heildarfjöldi	153	100,0%		

Líkt og tafla 8 sýnir sögðust flestir þeirra 26 einstaklinga sem orðið höfðu fyrir einelti að það hefði staðið yfir á bilinu 1-2 ár, eða 34,6% (9 einstaklingar). Jafnmargir einstaklingar sögðu eineltið hafa staðið yfir innan við 6 mánuði og lengur en í tvö ár, eða 23,1% (6 einstaklingar) í hvorum hóp. Hlutfallslega fæstir, eða 19,2%, sögðu eineltið hafa staðið yfir á bilinu 6-11 mánuði. Tveir þátttakendur kusu að taka ekki afstöðu til spurningarinnar. Í töflu 9 má sjá dreifingu svara við því hvenær svarendur höfðu síðast orðið fyrir einelti.


**Tafla 9. Hvenær varðst þú síðast fyrir einelti í tengslum við starf þitt?**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/- 0%	
Á síðustu 6 mánuðum	10	35,7%	17,7%	35,7%
Fyrir meira en 6 mánuðum en minna en 1 ári	4	14,3%	13,0%	14,3%
Fyrir 1-5 árum	10	35,7%	17,7%	35,7%
Fyrir meira en 5 árum	4	14,3%	13,0%	14,3%
Alls	28	100,0%		
Fjöldi svarenda	28	18,3%		
Veit ekki	0	0,0%		
Vil ekki svara	0	0,0%		
Á ekki við	125	81,7%		
Heildarfjöldi	153	100,0%		



Ríflega þriðjungur svarenda hafði orðið fyrir einelti á síðustu 6 mánuðum og annar þriðjungur fyrir 1-5 árum. Hlutfall þeirra sem orðið höfðu fyrir einelti fyrir meira en 6 mánuðum en minna en ári og þeirra sem höfðu orðið fyrir einelti fyrir meira en 5 árum var sömuleiðis jafnt eða 14,3% (fjórir einstaklingar) í hvorum hóp. Tafla 10 sýnir svör þolenda eineltis við því hvort þeir tilkynntu um eineltið eða ekki.

**Tafla 10. Tilkynntir þú um eineltið (eða ákveðna atburði þess)?**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/- 0%	
Já	7	25,9%	16,5%	 25,9%
Nei	20	74,1%	16,5%	74,1%
Alls	27	100,0%		
Fjöldi svarenda	27	17,6%		
Veit ekki	0	0,0%		
Vil ekki svara	1	0,7%		
Á ekki við	125	81,7%		
Heildarfjöldi	153	100,0%		

Á töflunni má sjá að mikill meirihluti tilkynnti ekki um eineltið, eða ríflega 74%. Tæplega 26% kusu að tilkynna eineltið, eða sjö þátttakendur, og einn þátttakandi svaraði ekki spurningunni. Til samanburðar má geta þess að í rannsókn velferðarráðuneytisins frá árinu 2019, Valdbeiting á vinnustað, voru þátttakendur spurðir hvort þeir hefðu lagt fram formlega kvörtun og var niðurstaða þeirrar rannsóknar að meirihluti svarenda kvaðst ekki hafa gert það, eða 62%, sem er þó lægra hlutfall en á Alþingi. Þegar þeir sem ekki lögðu fram kvörtun voru spurðir um ástæðu þess kom m.a. fram að margir töldu eineltið ekki nógu alvarlegt (38%). Þá greindu þátttakendur frá því að hafa ekki treyst neinum á vinnustaðnum (29%) og margir töldu að ástandið myndi versna ef lögð væri fram kvörtun (28%) (Margrét Valdímarsdóttir o.fl., 2019). Vert væri að skoða ástæður þess að þátttakendur kusu í miklum meirihluta að tilkynna ekki einelti sem þeir urðu fyrir.


## Kynferðisleg áreitni

Kynferðisleg áreitni var mæld með beinum og óbeinum hætti og voru mælingarnar nokkuð sambærilegar þeim sem notaðar voru í rannsókn Félagsvísindastofnunar fyrir velferðarráðuneytið árið 2019. Einhver samanburður við íslenskan vinnumarkað í heild sinni er því mögulegur. Í reglugerð nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum er skilgreining sem þátttakendur voru beðnir um að lesa áður en þeir svöruðu spurningum um kynferðislega áreitni:

Kynferðisleg áreitni er hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegrar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna.


Tafla 11 birtir dreifingu svara þátttakenda við beinni spurningu um reynslu af kynferðislegri áreitni í starfi á Alþingi.

**Tafla 11. Hefur þú einhvern tíma á starfstíma þínum á Alþingi orðið fyrir kynferðislegri áreitni í starfi þínu eða í tengslum við starf þitt?**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/- 0%		100%
Nei	126	84,0%	5,9%		84,0%
Já	24	16,0%	5,9%		
Alls	150	100,0%			
Fjöldi svaraenda	150	98,0%			
Veit ekki	0	0,0%			
Vil ekki svara	3	2,0%			
Heildarfjöldi	153	100,0%			

Líkt og taflan sýnir sagðist mikill meirihluti ekki hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni í starfi eða í tengslum við starfið, eða 84%. Þó greindu 16% svaraenda frá því að hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni (24 einstaklingar) á starfstíma sínum á Alþingi. Þrír einstaklingar kusu að svara ekki spurningunni. Þegar starfsfólk Háskóla Íslands var spurt beint hvort það hafi orðið fyrir kynferðislegri áreitni í starfi eða í tengslum við starf sitt svöruðu rúm 5% játandi (Guðný Gústafsdóttir og Ásdís Arnalds, 2020). Spurningin „Hefur þú, einhvern tímann á vinnuferlinum, orðið fyrir kynferðislegri áreitni í starfi?“ var lögð fyrir þátttakendur á vinnumarkaði og greindu 15,5% þeirra frá því að hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni. Spurningin náði þó til alls vinnuferils þátttakenda og því ber að fara varlega með samanburð.

Við greiningu svara eftir kyni þátttakenda kom í ljós að hlutfallslega fleiri konur en karlar höfðu orðið fyrir kynferðislegri áreitni, sjá mynd 5.



**Mynd 5. Kynferðisleg áreitni á Alþingi greind eftir kyni þolenda**

Líkt og mynd 5 sýnir höfðu 24,4% kvenna orðið fyrir kynferðislegri áreitni í starfi sínu eða í tengslum við starf sitt á Alþingi en tæplega 6% karla. Greining eftir starfssviði leiddi í ljós að ívið algengara var að starfsfólk þingflokks (29,4%) hafði orðið fyrir kynferðislegri áreitni en starfsfólk skrifstofu (11,5%) og þingmenn (18,2%) en hafa ber í huga að um fáa svarendur er að ræða þar sem einungis 17 þátttakendur í könnuninni störfuðu fyrir þingflokk.

Þeir þátttakendur sem greindu frá því að hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni voru spurðir um hversu lengi áreitnin hefði átt sér stað (tafla 12).

**Tafla 12. Í hversu langan tíma stóð/hefur kynferðislega áreitnin staðið yfir?**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/- 0%		100%
Innan við 6 mánuði	12	66,7%	21,8%	66,7%	
Á bilinu 6-11 mánuði	2	11,1%	14,5%	11,1%	
Á bilinu 1-2 ár	4	22,2%	19,2%	22,2%	
Alls	18	100,0%			
Fjöldi svarenda	18	11,8%			
Veit ekki	0	0,0%			
Vil ekki svara	6	3,9%			
Á ekki við	129	84,3%			
Heildarfjöldi	153	100,0%			

Hlutfallslega flestir þolendur kynferðislegrar áreitni höfðu orðið fyrir henni á innan við 6 mánaða tímabili, eða 66,7% (12 einstaklingar). Rúm 22% höfðu verið þolendur kynferðislegrar áreitni í 1-2 ár (4 einstaklingar) og ríflega 11% í 6-11 mánuði (tveir einstaklingar). Sex einstaklingar völdu sig

frá því að svara spurningunni. Í töflu 13 má sjá dreifingu svara við því hvenær þolendur kynferðislegar áreitni höfðu síðast orðið fyrir henni.

**Tafla 13. Hvenær varðst þú síðast fyrir kynferðislegri áreitni?**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/- 0%	
Á síðustu 6 mánuðum	3	12,5%	13,2%	12,5%
Fyrir meira en 6 mánuðum en minna en 1 ári síðan	1	4,2%	8,0%	4,2%
Fyrir 1-5 árum síðan	11	45,8%	19,9%	45,8%
Fyrir meira en 5 árum síðan	9	37,5%	19,4%	37,5%
Alls	24	100,0%		
Fjöldi svarenda	24	15,7%		
Veit ekki	0	0,0%		
Vil ekki svara	0	0,0%		
Á ekki við	129	84,3%		
Heildarfjöldi	153	100,0%		

Líkt og fram kemur í töflu 13 höfðu hlutfallslega flestir orðið fyrir kynferðislegri áreitni fyrir 1-5 árum síðan, eða tæp 46% (11 einstaklingar). Níu manns, eða 37,5%, greindu frá því að hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni fyrir meira en fimm árum og þrír, eða 12,5%, á síðustu 6 mánuðum. Tafla 14 sýnir dreifingu svara við því hvort þolendur kynferðislegar áreitni hafi orðið fyrir henni af hálfu eins eða fleiri einstaklinga.

**Tafla 14. Hefur þú orðið fyrir kynferðislegri áreitni af fleiri en einum einstaklingi?**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/- 0%	
Nei, eingöngu af einum einstaklingi	12	50,0%	20,0%	50,0%
Já, af fleiri en einum einstaklingi	12	50,0%	20,0%	50,0%
Alls	24	100,0%		
Fjöldi svarenda	24	15,7%		
Veit ekki	0	0,0%		
Vil ekki svara	0	0,0%		
Á ekki við	129	84,3%		
Heildarfjöldi	153	100,0%		

Hlutfall þeirra sem sögðust hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni af einum einstaklingi og þeirra sem orðið höfðu fyrir kynferðislegri áreitni af hálfu fleiri einstaklinga skiptist jafnt eða 50/50%. Því næst voru þátttakendur spurðir hvort gerendur hafi verið á eða utan vinnustaðar eða hvoru tveggja (tafla 15).

**Tafla 15. Hver eða hverjir hafa áreitt þig kynferðislega?**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/- 0%	
Eingöngu einstaklingur/-ar á vinnustað	12	50,0%	20,0%	50,0%
Eingöngu einstaklingur/-ar utan vinnustaðar	6	25,0%	17,3%	25,0%
Bæði einstaklingar utan og innan vinnustaðar	6	25,0%	17,3%	25,0%
Alls	24	100,0%		
Fjöldi svarenda	24	15,7%		
Veit ekki	0	0,0%		
Vil ekki svara	0	0,0%		
Á ekki við	129	84,3%		
Heildarfjöldi	153	100,0%		

Aðspurðir um hvar kynferðislega áreitnin átti sér stað sögðust hlutfallslega flestir svarendur hafa reynslu af kynferðislegri áreitni á vinnustað, eða 50%. Þá greindi fjórðungur svarenda frá því að hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni utan vinnustaðar og annar fjórðungur sagðist hafa reynslu af kynferðislegri áreitni bæði á Alþingi og utan þess. Í töflu 16 má sjá kyn þeirra sem svarendur greindu frá að hafi áreitt sig kynferðislega.

**Tafla 16. Hvert er kynferði þess/þeirra sem hefur/hafa áreitt þig kynferðislega?**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/- 0%	
Karl	21	87,5%	13,2%	87,5%
Kona	3	12,5%	13,2%	12,5%
Alls	24	100,0%		
Fjöldi svarenda	24	15,7%		
Veit ekki	0	0,0%		
Vil ekki svara	0	0,0%		
Á ekki við	129	84,3%		
Heildarfjöldi	153	100,0%		


Langflestir sem beittu þátttakendur kynferðislegri áreitni voru karlar, eða í 87,5% tilvika. Þrír gerendur voru konur, eða í 12,5% tilvika. Þessar niðurstöður koma heim og saman við rannsóknina Valdbeiting á vinnustað sem unnin var fyrir velferðarráðuneytið árið 2019. Tafla 17 sýnir greiningu svara við því hvort þolendur kynferðislegrar áreitni hafi tilkynnt um áreitnina.

**Tafla 17. Tilkyntir þú um kynferðislegu áreitnina (eða ákveðna atburði hennar)?**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/- 0%	
Já	3	12,5%	13,2%	12,5%
Nei	21	87,5%	13,2%	87,5%
Alls	24	100,0%		
Fjöldi svarenda	24	15,7%		
Veit ekki	0	0,0%		
Vil ekki svara	0	0,0%		
Á ekki við	129	84,3%		
Heildarfjöldi	153	100,0%		

Mikill meirihluti þolenda hafði ekki tilkynt um kynferðislegu áreitnina, eða 87,5%, og einungis þrjár einstaklingar, eða 12,5%, greindu frá því að hafa tilkynt hana. Niðurstöður rannsóknar velferðarráðuneytisins, Valdbeiting á vinnustað sýndi sambærilegar niðurstöður en í henni kom í ljós að 19% þolenda kynferðislegrar áreitni höfðu lagt fram kvörtun vegna áreitninnar en 81% ekki. Aðspurðir um ástæður þess að hafa ekki lagt fram kvörtun sögðust langflestir svarenda (66%) ekki hafa talið áreitnina nógu alvarlega. Viðtalshluti sömu rannsóknar leiddi enn fremur í ljós að konur sem urðu fyrir fyrir kynferðislegri áreitni á vinnustað óttuðust að eiga erfiðara uppdráttar í sínu fagi eða starfsstétt og því veigruðu þær sér við því að bera fram formlega kvörtun (Margrét Valdimarsdóttir o.fl., 2019). Sambærileg greining í rannsókn þessari var ekki möguleg.

Á mynd 7 má sjá dreifingu svara við spurningum sem mynda kvarða óbeinnar mælingar á kynferðislegri áreitni meðal þátttakenda. Spurningar kvarðans voru lagðar fyrir alla þátttakendur könnunarinnar. Til að vera skilgreindir sem þolendur kynferðislegrar áreitni samkvæmt óbeinni mælingu þurftu þátttakendur að hafa orðið fyrir einu eða fleiri atvikum sem tilgreind eru í kvarðanum, a.m.k. af og til á síðustu 6 mánuðum. Ítreka má að þó ekki sé unnt að gera ráð fyrir að óbein mæling gefi nákvæma mynd af tíðni kynferðislegrar áreitni er hún samt sem áður álitin gefa raunsannari mynd af tíðni áreitninnar en mæling með beinum spurningum líkt og getið er í inngangi. Óbein mæling gefur því mikilvæga vísbendingu um umfang og birtingarmyndir kynferðislegrar áreitni sem fólk verður fyrir á vinnustöðum.



**Mynd 6. Hversu oft, ef einhvern tímann, hefur þú upplifað eftirfarandi í tengslum við starf þitt á síðustu 6 mánuðum?**

Af þeim atriðum sem kvarðinn inniheldur sögðust hlutfallslega flestir þátttakenda hafa upplifað óviðeigandi brandara með kynferðislegum undirtón, eða 17,6% (26 einstaklingar), líkt og sjá má á mynd 6. Rúm 16% höfðu upplifað óþarflega mikla nálægð, faðmlög, kossa eða aðra óvelkomna snertingu og tæp 11% greindu frá því að hafa upplifað óviðeigandi augnaráð með kynferðislegum undirtón. Enginn þátttakandi hafði upplifað að vera sýndar móðgandi eða niðurlægjandi myndir af kynferðislegum toga. Þessar niðurstöður koma heim og saman við niðurstöður rannsóknarinnar Valdbeiting á vinnustað en þar voru þrjár algengustu birtingarmyndirnar þær sömu. Fjöldi atriða á kvarða var hinn sami í báðum könnunum en einhverjar breytingar voru gerðar á orðalagi kvarðans sem notaður var fyrir Alþingi. Þannig var spurt á vinnumarkaði um:“ óviðeigandi brandara með

kynferðislegum undirtón eða mógandi ummæli um vaxtalag eða einkalíf“ en hjá Alþingi eingöngu um „óviðeigandi branda“. Aðrar breytingar voru lítilsháttar. Athygli vakti að öll atriðin mældust töluvert hærrí á Alþingi en á vinnumarkaði. Þannig sögðust 8,4% þátttakenda vinnumarkaðs-rannsóknarinnar hafa upplifað óviðeigandi brandara með kynferðislegum undirtón eða móðgandi ummæli um vaxtarlag eða einkalíf, 5,3% höfðu upplifað óþarflega mikla nálægð, faðmlög, kossa eða aðra snertingu og 5,2% höfðu upplifað óviðeigandi augnaráð með kynferðislegum undirtón (Margrét Valdimarsdóttir o.fl., 2019).

Óbein mæling á kynferðislegri áreitni gerir ráð fyrir því að eitt tilvik sé nóg til þess að það teljist áreitni. Þegar reiknað var hversu hátt hlutfall svarenda hafði orðið fyrir a.m.k. einu atviki kom í ljós að ríflega 27% þátttakenda greindu frá einhvers konar kynferðislegri áreitni í starfi eða í tengslum við starfið á undangengnum 6 mánuðum. Á vinnumarkaði var hlutfallið 16,3% (Margrét Valdimarsdóttir o.fl., 2019). Hlutfall óbeinu mælingarinnar er töluvert hærra en hlutfall þeirra sem sagðist einhvern tíma hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni í starfi þegar spurt var beint, eða 16% (sjá töflu 11 hér að framan).

## Kynbundin áreitni

Í kaflanum hér á eftir verður fjallað um niðurstöður á greiningu gagna um kynbundna áreitni meðal starfsfólks Alþingis. Í reglugerð nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum segir:

Kynbundin áreitni er hegðun sem gerir lítið úr/niðurlægir kyn þess er fyrir áreitninni verður og er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi.


Kynbundin áreitni var mæld með beinum hætti þar sem skilgreining þessi fylgdi spurningunum og einnig með óbeinum hætti þar sem stuðst var við fjögurra atriða kvarða. Kvarðinn er sá sami og nýttur var í rannsókn velferðarráðuneytisins frá árinu 2019. Í fyrstu spurningu um kynbundna áreitni voru þátttakendur spurðir hvort þeir hafi einhvern tíma í starfi sínu á Alþingi orðið fyrir kynbundinni áreitni (tafla 18).



**Tafla 18. Hefur þú einhvern tíma á starfstíma þínum á Alþingi orðið fyrir kynbundinni áreitni starfi þínu eða í tengslum við starf þitt?**


	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/- 0%	
Nei	120	81,6%	6,3%	81,6%
Já	27	18,4%	6,3%	18,4%
Alls	147	100,0%		
Fjöldi svarenda	147	96,1%		
Veit ekki	0	0,0%		
Vil ekki svara	6	3,9%		
Heildarfjöldi	153	100,0%		

Dreifing svara er sýnd í töflu 18 en þar kemur fram að mikill meirihluti þátttakenda, eða 81,6%, hafði ekki orðið fyrir kynbundinni áreitni. Þó höfðu 18,4% reynslu af kynbundinni áreitni í starfi sínu á Alþingi eða í tengslum við það, eða 27 einstaklingar. Samskonar spurning um kynbundna áreitni meðal starfsfólks Háskóla Íslands leiddi í ljós að 7,8% höfðu orðið fyrir kynbundinni áreitni í eða í tengslum við starf sitt í háskólanum (Guðný Gústafsdóttir og Ásdís Arnalds, 2020). Þátttakendur í rannsókn velferðaráðuneytisins á vinnumarkaði voru spurðir hvort þeir hafi einhvern tíma á vinnuferli sínum orðið fyrir kynbundinni áreitni í starfi og sögðust alls 10,3% hafa reynslu af slíku (Margrét Valdimarsdóttir o.fl., 2019). Mynd 7 sýnir kynjahlutfall þeirra sem orðið höfðu fyrir kynbundinni áreitni í starfi á Alþingi og mynd 8 sýnir skiptingu þeirra eftir starfssviði.



**Mynd 7. Kynbundin áreitni á Alþingi greind eftir kyni þolenda**

Líkt og sjá má á mynd 7 höfðu hlutfallslega fleiri konur en karlar upplifað kynbundna áreitni á starfstíma sínum á Alþingi, eða 25% kvenna á móti 10,4% karla.



**Mynd 8. Kynbundin áreitni á Alþingi greind eftir starfssviði þolenda**

Mest var um kynbundna áreitni meðal þingmanna, en þriðjungur þingmanna kvaðst hafa upplifað slíkt (14 einstaklingar af 44) samanborið við 17,6% starfsfólk þingflokka (3 einstaklingar af 17) og 11,9% starfsfólks skrifstofu Alþingis (10 einstaklingar af 84) (mynd 9). Þeir þátttakendur sem höfðu reynslu af kynbundinni áreitni voru síðan spurðir hversu lengi áreitnin hefði staðið yfir (tafla 19).

**Tafla 19. Í hversu langan tíma varði kynbundna áreitnin?**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/- 0%	
Innan við 6 mánuði	7	31,8%	19,5%	31,8%
Á bilinu 6-11 mánuði	2	9,1%	12,0%	9,1%
Á bilinu 1-2 ár	5	22,7%	17,5%	22,7%
Lengur en 2 ár	8	36,4%	20,1%	36,4%
Alls	22	100,0%		
Fjöldi svarenda	22	14,4%		
Veit ekki	0	0,0%		
Vil ekki svara	5	3,3%		
Á ekki við	126	82,4%		
Heildarfjöldi	153	100,0%		

Líkt og taflan sýnir sögðu hlutfallslega flestir þeirra sem orðið höfðu fyrir kynbundinni áreitni að hún hafi staðið yfir lengur en í tvö ár, eða 36,4% svarenda (8 einstaklingar). Næst flestir greindu frá því að áreitnin hefði varað innan við 6 mánuði, eða 31,8% (7 einstaklingar). Fimm einstaklingar, eða

22,7% sögðu áreitnina hafa varið í 1-2 ár og tveir höfðu upplifað kynbundna áreitni í 6-11 mánuði. Í töflu 20 má síðan sjá hvenær þolendur kynbundinnar áreitni urðu fyrir henni síðast.

**Tafla 20. Hvenær varðst þú síðast fyrir kynbundinni áreitni?**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/- 0%		100%
Á síðustu 6 mánuðum	7	26,9%	17,0%		26,9%
Fyrir meira en 6 mánuðum en minna en 1 ári síðan	2	7,7%	10,2%		7,7%
Fyrir 1-5 árum síðan	10	38,5%	18,7%		38,5%
Fyrir meira en 5 árum síðan	7	26,9%	17,0%		26,9%
Alls	26	100,0%			
Fjöldi svarenda	26	17,0%			
Veit ekki	0	0,0%			
Vil ekki svara	1	0,7%			
Á ekki við	126	82,4%			
Heildarfjöldi	153	100,0%			

Hlutfallslega flestir svarenda, eða 38,5%, urðu fyrir kynbundinni áreitni fyrir 1-5 árum síðan. Tæp 27% urðu fyrir kynbundinni áreitni á síðustu 6 mánuðum og önnur 27% fyrir meira en fimm árum. Hlutfallslega fæstir sögðust hafa orðið fyrir kynbundinni áreitni fyrir meira en 6 mánuðum en minna en ári. Þátttakendur í rannsókninni voru einnig spurðir hvort þeir hefðu orðið fyrir kynbundinni áreitni af fleiri en einum einstaklingi, sjá töflu 21.

**Tafla 21. Hefur þú orðið fyrir kynbundinni áreitni af fleiri en einum einstaklingi?**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/- 0%		100%
Nei, eingöngu af einum einstaklingi	9	36,0%	18,8%		36,0%
Já, af fleiri en einum einstaklingi	16	64,0%	18,8%		64,0%
Alls	25	100,0%			
Fjöldi svarenda	25	16,3%			
Veit ekki	0	0,0%			
Vil ekki svara	2	1,3%			
Á ekki við	126	82,4%			
Heildarfjöldi	153	100,0%			

Meirihluti svarenda greindi frá því að hafa orðið fyrir kynbundinni áreitni af fleiri en einum einstaklingi eða 64%, en 36% höfðu orðið fyrir áreitni af hálfu eins einstaklings. Þá var spurt hvar kynbundna áreitnin hafi átt sér stað, á eða utan vinnustaðar eða hvoru tveggja. Niðurstöður má sjá í töflu 22.

**Tafla 22. Hver eða hverjir hafa áreitt þig á grundvelli kyns?**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/- 0%		100%
Eingöngu einstaklingur/-ar á vinnustað	12	44,4%	18,7%		44,4%
Eingöngu einstaklingur/-ar utan vinnustaðar	3	11,1%	11,9%		11,1%
Bæði einstaklingar utan og innan vinnustaðar	12	44,4%	18,7%		44,4%
Alls	27	100,0%			
Fjöldi svarenda	27	17,6%			
Veit ekki	0	0,0%			
Vil ekki svara	0	0,0%			
Á ekki við	126	82,4%			
Heildarfjöldi	153	100,0%			

Aðspurðir greindu þátttakendur jafnt frá því að hafa orðið fyrir kynbundinni áreitni á vinnustað eingöngu (44,4%) og bæði á og utan vinnustaðar (44,4%). Rúmlega 11% sögðu frá því að hafa eingöngu orðið fyrir kynbundinni áreitni utan vinnustaðar. Í töflu 23 má sjá skiptingu gerenda eftir kyni.

**Tafla 23. Hvert er kynferði þess/þeirra sem áreitti/áreittu þig á grundvelli kyns?**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/- 0%		100%
Karl	20	74,1%	16,5%		74,1%
Kona	6	22,2%	15,7%		22,2%
Bæði karl og kona	1	3,7%	7,1%		3,7%
Alls	27	100,0%			
Fjöldi svarenda	27	17,6%			
Veit ekki	0	0,0%			
Vil ekki svara	0	0,0%			
Á ekki við	126	82,4%			
Heildarfjöldi	153	100,0%			

Greining gagna leiddi í ljós að meirihluti þeirra sem beittu kynbundinni áreitni voru karlar, eða rúmlega 74%. Rúm 22% gerenda voru konur. Þær niðurstöður koma heim og saman við rannsókn velferðarráðuneytisins á íslenskum vinnumarkaði. Í þeirri rannsókn var rýnt nánar í bakgrunnsbreytur og leiddi greiningin m.a. í ljós að flestir gerendur voru karlkyns samstarfsfélagar og næst flestir karlkyns yfirmenn eða stjórnendur. Þar sem svarendur í rannsókn þessari eru fáir er ekki


unnt að greina spurninguna nánar eftir bakgrunnsbreytum. Þá var spurt hvort þolendur kynbundinnar áreitni höfðu tilkynnt um áreitnina, sjá töflu 24.

**Tafla 24. Tilkynntir þú kynbundnu áreitnina (eða ákveðna atburði hennar)?**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/- 0%	
Já	2	7,4%	9,9%	7,4%
Nei	25	92,6%	9,9%	92,6%
Alls	27	100,0%		
Fjöldi svarenda	27	17,6%		
Veit ekki	0	0,0%		
Vil ekki svara	0	0,0%		
Á ekki við	126	82,4%		
Heildarfjöldi	153	100,0%		

Aðspurðir um hvort svarendur hefðu tilkynnt þá kynbundnu áreitni sem þeir höfðu orðið fyrir sagðist mikill meirihluti ekki hafa gert það eða 92,6%. Einungis 7,4%, eða tveir einstaklingar, höfðu tilkynnt áreitnina. Ekki var spurt um ástæður þess að þolendur kynbundinnar áreitni kusu að tilkynna hana ekki. Niðurstöður rannsóknar velferðarráðuneytisins 2019, Valdbeiting á vinnustað, leiddi í ljós að hlutfallslega flestir sem kusu að leggja ekki fram formlega kvörtun vegna þeirrar kynbundnu áreitni sem þeir urðu fyrir á vinnustað sögðust ekki hafa talið áreitnina nógu alvarlega (55%) og næst flestir töldu formlega kvörtun ólíklega til að breyta nokkru um ástandið (21%) (Margrét Valdimarsdóttir o.fl., 2019). Fáar tilkynningar/kvartanir og þær ástæður sem gefnar voru upp í vinnustaða- rannsókninni benda til að skilgreina þurfi kynbundna áreitni mun betur og upplýsa fólk um eðli og áhrif kynbundinnar áreitni á vinnustöðum og samfélaginu öllu.

Óbein mæling á kynbundinni áreitni var gerð með því að leggja fjórar spurningar fyrir alla þátttakendur rannsóknarinnar. Mælingin er sú sama og lögð var fyrir starfsfólk á íslenskum vinnumarkaði í rannsókn velferðarráðuneytisins árið 2019 og rannsókn Háskóla Íslands 2020. Á mynd 9 má sjá spurningarnar og hvernig svör þátttakenda dreifðust.




**Mynd 9. Hversu oft, ef einhvern tímann, hefur þú upplifað eftirfarandi í tengslum við starf þitt á síðustu 6 mánuðum?**

Algengasta birtingarmynd kynbundinnar áreitni sem þátttakendur höfðu upplifað í tengslum við starf sitt á Alþingi var að lítið væri gert úr þeim eða hæfileikum þeirra á grundvelli kyns (18%). Ívið færri, eða 16,8%, höfðu upplifað óviðeigandi, móðgandi eða særandi branda tengda kyni sínu og litlu færri, eða 16,2%, höfðu upplifað almennt neikvætt viðhorf um kyn sitt á vinnustaðnum. Loks greindu rúm 10% frá því að sér hefði verið sýnd óviðeigandi, móðgandi eða særandi hegðun vegna kyns síns. Til samanburðar má geta þess að þátttakendur rannsóknar á íslenskum vinnumarkaði höfðu flestir reynslu af óviðeigandi, móðgandi eða særandi bröndurum vegna kyns síns (13,6%) en hlutfall þeirra sem hafði orðið fyrir atvikum sem tilgreindir eru á hinum þremur þáttunum var nokkuð jafnt, eða á bilinu 7-8%. Rannsóknin meðal fólks á íslenskum vinnumarkaði leiddi í ljós að 17,5% starfsfólks höfðu upplifað einhver þeirra fjögurra atvika sem mælingin nær yfir á undangengnum 6 mánuðum (Margrét Valdimarsdóttir o.fl., 2019) sem var svipað hlutfall og meðal starfsfólks Háskóla Íslands árið 2019 (Guðný Gústafsdóttir og Ásdís Arnalds, 2020).

Í rannsókn Alþingis höfðu 32% svarenda upplifað eitthvert þeirra atriða sem óbeina mælingin á kynbundinni áreitni tekur til á undangengnum 6 mánuðum. Hlutfallið er því töluvert hærra en meðal starfsfólks Háskóla Íslands og fólks á íslenskum vinnumarkaði. Ennfremur var hlutfall þeirra sem höfðu orðið fyrir kynbundinni áreitni á undangengnum 6 mánuðum mun hærra þegar notast var við ofantaldar fjórar spurningar en þegar þátttakendur voru spurðir beint hvort þeir höfðu einhvern tíma

upplifað kynbundna áreitni í starfi sínu eða í tengslum við starfið (18,4%). Mynd 10 sýnir greiningu á svörum óbeinnar mælingar eftir starfssviði svarenda.





**Mynd 10. Kynbundin áreitni greind eftir starfssviði þolenda**

Greining svara úr óbeinu mælingunni eftir starfssviði sýndi að kynbundin áreitni var mest meðal þingmanna. Rúm 59% þingmanna (26 einstaklingar af 44) höfðu af og til eða vikulega upplifað a.m.k. eitt þeirra atriða sem flokkast gæti sem kynbundin áreitni á undangengnum 6 mánuðum. Meðal starfsfólks þingflokka var tíðnin 35,3% (6 einstaklingar af 17) og 17,2% á skrifstofu Alþingis (15 einstaklingar af 87).

## Ofbeldishegðun gagnvart þingmönnum


Í viðtalsrannsókn IPU og PACE frá árinu 2018 var rætt við þingkonur og aðrar starfskonur þjóðþinga um kynjamismunun (sexism), áreitni (harassment) og ofbeldi (violence) sem konur á evrópskum þjóðþingum verða fyrir. Umræðuramma með fyrirfram ákveðnum spurningum var hafður til hliðsjónar í viðtölunum (IPU, 2018). Í þessari rannsókn voru átta beinar spurningar sem búnar voru til úr rammanum lagðar fyrir alla þingmenn Alþingis, bæði konur og karla. Alls voru þeir þingmenn sem svöruðu spurningunum 45 talsins. Þar sem bæði aðferð og þýði/úrtak rannsóknanna er afar ólíkt var ekki farið í samanburð. Fyrst voru þeir þingmenn sem tóku þátt í rannsókninni spurðir hvort myndir og/eða ummæli um þá með kynferðislegu inntaki hefðu birst í fjölmiðlum, sjá töflu 25.

**Tafla 25. Hafa myndir og/eða ummæli um þig sem höfðu kynferðislegar vísanir eða inntak birst í fjölmiðlum?**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/- 0%	
Já	10	23,3%	12,6%	 23,3%
Nei	33	76,7%	12,6%	 76,7%
Alls	43	100,0%		
Fjöldi svarenda	43	95,6%		
Veit ekki	0	0,0%		
Vil ekki svara	2	4,4%		
Heildarfjöldi	45			

Mikill meirihluti, eða 76,7% þeirra þingmanna sem tóku þátt í rannsókninni, kvaðst ekki hafa reynslu af því að myndir og/eða ummæli af kynferðislegum toga hefðu birst í fjölmiðlum en 23,3%, eða 10 manns, höfðu hins vegar upplifað það. Svör þeirra sem reynslu höfðu af athæfinu voru greind eftir kyni, sjá mynd 11.







**Mynd 11. Kynferðislegar myndbirtingar og/eða ummæli greind eftir kyni þolenda**

Greiningin leiddi í ljós að hlutfallslega fleiri konur en karlar höfðu reynslu af því að myndir og/eða ummæli um þær með kynferðislegum vísunum hefðu verið birtar í fjölmiðlum. Alls höfðu 31,6% kvenkyns þingmanna (6 konur af 19) reynslu af kynferðislegri myndbirtingu eða ummælum en 16,7% karla (4 karlar af 24). Einnig var spurt hvort þingmenn hefðu reynslu af því að myndir og/eða ummæli um þá með kynbundnum vísunum eða inntaki hefðu birst í fjölmiðlum eða á samfélagsmiðlum. Dreifing svara er birt í töflu 26.

**Tafla 26. Hafa myndir og/eða ummæli um þig sem höfðu kynbundnar vísanir eða inntak birst í fjölmiðlum eða á samfélagsmiðlum?**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/- 0%	
Já	12	27,9%	13,4%	
Nei	31	72,1%	13,4%	
Alls	43	100,0%		
Fjöldi svaraenda	43	95,6%		
Veit ekki	0	0,0%		
Vil ekki svara	2	4,4%		
Heildarfjöldi	45			

Mikill meirihluti aðspurðra sagðist ekki hafa reynslu af kynbundnum ummælum eða myndum af sér í fjölmiðlum eða samfélagsmiðlum, eða ríflega 72%. Tæp 28% höfðu reynslu af slíku, eða 12 manns, og voru þolendur greindir eftir kyni (mynd 12).



**Mynd 12. Kynbundnar myndbirtingar og/eða ummæli greind eftir kyni þolenda**

Líkt og myndin sýnir voru hlutfallslega fleiri konur en karlar þolendur þess að myndir eða ummæli með kynbundnum vísunum eða inntaki voru birtar í fjölmiðlum eða á samfélagsmiðlum. Hlutfallið meðal kvenna var 42,1% (8 konur af 19) en 16,7% meðal karla (4 karlar af 24). Þá voru þingmenn spurðir nánar um það hvar myndirnar eða ummælin höfðu birst, sjá töflu 27. Svarendum var gefinn kostur á að merkja við þá svarmöguleika sem áttu við. Af þeim sökum er heildarhlutfall svarenda hæra en 100%.

**Tafla 27. Hvar hafa slíkar myndir/ummæli birst?**

	Fjöldi	Hlutfall svarenda	Vikmörk +/-	
Á samfélagsmiðlum	12	100,0%	0,0%	100,0%
Á fréttu- og vefmiðlum	9	75,0%	24,5%	75,0%
Í sjónvarpi og/eða útvarpi	1	8,3%	15,6%	8,3%
Fjöldi svara	22	183,3%		
Fjöldi svarenda	12	26,7%		
Veit ekki	0	0,0%		
Á ekki við	33	73,3%		
Vil ekki svara	0	0,0%		
Heildarfjöldi	45	100,0%		


Líkt og fram kemur í töflunni merktu allir svarendur sem tóku afstöðu til spurningarinnar við samfélagsmiðla (100%). Níu af þeim tólf sem höfðu orðið fyrir því að myndir eða ummæli með kynbundnu ívafi höfðu birst, eða 75%, merktu við fréttu- og vefmiðla og einn merkti við sjónvarp og/eða útvarp. Þingmenn voru einnig spurðir hvort þeir hafi orðið fyrir áreitni sem var ítrekuð og

ógnandi sem valdið hafði óhug eða ótta, s.s. óumbeðinni athygli eða orðaskiptum. Dreifing svara er birt í töflu 28.

**Tafla 28. Hefur þú orðið fyrir áreitni, þ.e.a.s. hegðun sem er ítrekuð og ógnandi, svo sem óumbeðinni athygli eða orðaskiptum eða annars konar samskiptum sem hafa vakið hjá þér óhug eða ótta?**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/-	0%	100%
Já	13	29,5%	13,5%	29,5%	
Nei	31	70,5%	13,5%		70,5%
Alls	44	100,0%			
Fjöldi svarenda	44	97,8%			
Veit ekki	0	0,0%			
Vil ekki svara	1	2,2%			
Heildarfjöldi	45				

Fæstir aðspurðra höfðu reynslu af slíku athæfi en 13 þingmenn, eða 29,5%, höfðu slíka reynslu. Einn þátttakandi kaus að svara ekki spurningunni. Við greiningu á kyni þeirra sem orðið höfðu fyrir ítrekaðri og ógnandi áreitni kom í ljós að hlutfallslega fleiri konur en karlar höfðu orðið fyrir þessu (sjá mynd 13).



**Mynd 13. Ítrekuð og ógnandi hegðun greind eftir kyni þolenda**

Alls höfðu 36,8% kvenþingmanna (7 konur af 19) orðið fyrir ítrekaðri, ógnandi áreitni en 24% karla (6 karlar af 25). Dreifing svara við spurningu til þingmanna um hvort þeir höfðu orðið fyrir líkamlegu ofbeldi má sjá í töflu 29.

**Tafla 29. Hefur þú í tengslum við starf þitt einhvern tíma verið beitt/ur líkamlegu ofbeldi (t.d. verið slegin/n utan undir, þér ýtt eða einhverju kastað að þér)?**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/- 0%	
Já	7	15,9%	10,8%	15,9%
Nei	37	84,1%	10,8%	84,1%
Alls	44	100,0%		
Fjöldi svarenda	44	97,8%		
Veit ekki	0	0,0%		
Vil ekki svara	1	2,2%		
Heildarfjöldi	45			

Mikill meirihluti aðspurðra hafði ekki reynslu af því að vera beitt/ur líkamlegu ofbeldi, eða rúm 84%. Tæp 16% þingmanna greindu frá því að hafa orðið fyrir líkamlegu ofbeldi í tengslum við starf sitt á Alþingi. Einn einstaklingur tók ekki afstöðu til spurningarinnar. Þingmenn voru einnig spurðir að því hvort þeir hefðu reynslu af því að eignir þeirra væru skemmdar eða eyðilagðar (tafla 30).

**Tafla 30. Hefur þú einhvern tíma í tengslum við starf þitt orðið fyrir því að eignir þínar væru skemmdar eða eyðilagðar?**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/- 0%	
Já	5	11,4%	9,4%	11,4%
Nei	39	88,6%	9,4%	88,6%
Alls	44	100,0%		
Fjöldi svarenda	44	97,8%		
Veit ekki	0	0,0%		
Vil ekki svara	1	2,2%		
Heildarfjöldi	45			

Langflestir þátttakenda höfðu ekki orðið fyrir því að eignir þeirra væru skemmdar eða eyðilagðar, eða 88,6% en rúm 11% höfðu reynslu af því. Einn kaus að svara ekki spurningunni. Þá voru þingmenn spurðir hvort einhver af þeirra nánustu fjölskyldumeðlimum hafi einhvern tíma verið hótad ofbeldi í tengslum við starf þeirra á Alþingi, sjá töflu 31.

**Tafla 31. Hefur nánustu fjölskyldumeðlimum þínum einhvern tíma verið hótað ofbeldi í tengslum við starf þitt?**


	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/- 0%	
Já	6	14,6%	10,8%	14,6%
Nei	35	85,4%	10,8%	85,4%
Alls	41	100,0%		
Fjöldi svarenda	41	91,1%		
Veit ekki	0	0,0%		
Vil ekki svara	4	8,9%		
Heildarfjöldi	45			

Líkt og sjá má í töflu 30 sagðist mikill meirihluti ekki hafa reynslu af því í starfi sínu á Alþingi að fjölskyldumeðlimum væri hótað ofbeldi. Þó greindu 14,6% svarenda frá því að nánum fjölskyldumeðlimum hefði verið hótað ofbeldi í tengslum við störf sín. Fjórir einstaklingar kusu að svara ekki spurningunni. Loks voru þingmenn spurðir hvort þeir teldu að starf þeirra á Alþingi hefði valdið fjölskyldumeðlimum erfiðleikum í störfum eða námi (tafla 31).

**Tafla 32. Telur þú að starf þitt hafi valdið fjölskyldumeðlimum þínum erfiðleikum í störfum þeirra eða námi?**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk +/- 0%	
Já	20	48,8%	15,3%	48,8%
Nei	21	51,2%	15,3%	51,2%
Alls	41	100,0%		
Fjöldi svarenda	41	91,1%		
Veit ekki	0	0,0%		
Vil ekki svara	4	8,9%		
Heildarfjöldi	45			

Svör þátttakenda við loka spurningu könnunarinnar um hvort þeir teldu að starf þeirra sem þingmenn hefði valdið fjölskyldumeðlimum erfiðleikum í störfum eða námi voru álíka mörg jákvæð og neikvæð. Þannig svöruðu 51,2% þátttakenda spurningunni neitandi og 48,8% játuði henni. Svör þátttakenda við spurningunni um hvort fjölskyldumeðlimir hefðu átt erfitt uppdráttar í námi eða starfi voru greind eftir kyni (mynd 14).



**Mynd 14. Hvort starfið hafi valdið fjölskyldumeðlimum erfiðleikum greint eftir kyni**

Ekki kom fram mikill hlutfallslegur munur á svörum karla og kvenna við spurningunni um hvort starfið hafi valdið fjölskyldumeðlimum erfiðleikum. Þó voru ívið fleiri karlar úr hópi þingmanna greindu frá því að fjölskyldumeðlimir þeirra hefðu átt í erfiðleikum í námi eða starfi vegna starfa þeirra (52,2%) en þingkonur (44,4%).

## Opin svör

Í rannsókninni var ein opin spurning. Með henni var þátttakendum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum, skoðunum eða reynslu sem þeir óskuðu að skýra frá og könnunin náði ekki til. Við úrvinnslu voru svörin flokkuð og greind eftir efnispáttum. Í niðurstöðum var leitast við að koma sjónarhorni þátttakenda á framfæri og draga fram þær áherslur sem birtust í svörunum. Greining opinna svara takmarkast við fjölda þeirra þátttakenda sem kjósa að tjá sig. Mikill fjöldi þátttakenda býður þannig upp á ítarlegri greiningu en lítill fjöldi. Hafa ber í huga að niðurstöður sem byggja á greiningu opinna svara gefa innsýn í sjónarmið þeirra sem kjósa að tjá sig en endurspegla ekki almenna sýn á viðfangsefnið. Í þessari könnun kusu alls 15 einstaklingar að tjá sig í opnu svari.

Þeir efnisþættir sem voru greindir í opnum svörum féllu allir undir yfirþemað *Ábendingar* sem nánar var skipt niður í: *svarmöguleikar, orðalag, efnislegar athugasemdir, einelti og kynferðisleg áreitni* og loks *starfsmannamál*.

### *Ábendingar*

Í opnu svörunum kom fram ánægja með könnunina í heild sinni en flestir þeir sem nýttu opna svarmöguleikann settu fram ábendingar um könnunina sem geta reynst gagnlegar við gerð sambærilegra kannana í framtíðinni. Meðal ábendinga voru athugasemdir við svarmöguleikum. Þannig þótti einhverjum svarmöguleikar endurspegla svart-hvíta afstöðu til þeirra mála sem könnunin tók til og aðrir sögðu spurningarnar vera takmarkaðar. Betur þótti t.d. hafa farið á því að að tímarammi könnunarinnar væri lengri, þ.e.a.s. að spurt hefði verið lengra aftur í tímann. Þá kom fram það sjónarmið að orðlag spurninga væri stundum á of gráu svæði og háð túlkun líkt og í einhverjum fjölvalsspurningum könnunarinnar. Sem dæmi var orðalagið „óviðeigandi augnaráð“ tekið sem, að mati þátttakanda, er háð túlkun hvers og eins og getur „í samfélagi þar sem alið er á ofurviðkvæmni gagnvart eðlilegum mannlegum samskiptum“ gefið „villandi mynd af raunveruleikanum“. Loks var kallað eftir meira samræmi á milli rannsóknarinnar og þeirra kannana sem hafðar voru til hliðsjónar við gerð hennar.

Efnislegar athugasemdir voru gerðar við rannsóknina þar sem dregin var fram sérstaða þingmannsstarfsins og áhrif þessa á innihald og niðurstöður könnunarinnar. Þannig var þingsalur sagður vera „átakavettvangur“ í sjálfu sér, sem hefði sjálfkrafa í för með sér að samskipti innan hans fælu í sér „vanvirðandi framkomu“, að „lítið væri gert úr skoðunum“ fólks, „slúðri“ og fleira.



Með öðrum orðum var bent á að atriði mælikvarðans sem nýttur var í könnuninni til að greina erfið samskipti væri að miklu leyti samofinn starfi þingmannsins og gæfi því ekki með raunhæfum hætti mynd af viðeigandi og óviðeigandi framkomu þingmanna við störf í garð hvers annars á starfsvettvangi. Þá lægi huglægt mat hvers og eins þátttakanda til grundvallar svörum þeirra og því væri túlkun niðurstaðna erfiðleikum háð. Sem mögulega lausn á þessum vanda sagði einn þátttakandi vera, að „einskorða svörin við samskipti utan þingsalar“.

Ábendingar um einelti „gagnvart öðrum“ komu fram í opnum svörum könnunarinnar sem bendir til að ef spurning þess eðlis hefði verið í könnuninni gæti hún hafa varpað skýrara ljósi á umfang eineltis á vinnustaðnum. Þá var greint frá mjög grófu einelti bæði í og utan þingsalar ásamt alvarlegum, langvarandi afleiðingum sem þörf væri á að rannsaka með ítarlegri hætti en könnun þessi bauð upp á. Einhverjar vísbendingar um kynferðislega áreitni var einnig að finna í opnum svörum sem einnig væri þarft að skoða nánar líkt og að kvenþingmenn finni „fyrir óþægindum í návígi við Klaustursþingmenn“ svokallaða. Ekki var fjallað nánar um þær frásagnir af einelti og áreitni sem birtust í opnum svörum þar sem um fá tilfelli var að ræða og hætta á rekjanleika.



## HEIMILDIR

- Andrea G. Dofradóttir, Kristjana Stella Blöndal og Friðrik Jónsson (2004). *Einelti og kynferðisleg áreitni í Háskóla Íslands*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Áætlun um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi (2018). Sótt af: <https://www.althingi.is/um-althingi/skrifstofa-althingis/starfsmannamal/aaetlun-um-adgerdir-gegn-einelti-kynferdislegri-og-kynbundinni-areitni-og-ofbeldi/>
- Drennan, D. (1992). *Transforming Company Culture*. London: McGraw-Hill.
- Einarsen, S. og Raknes, B.I. (1997). Harassment in the workplace and the victimization of men. *Violence and Victim, 12*(3), 247-263.
- Guðný Gústafsdóttir og Ásdís Arnalds (2020). *Vinnustaðamenning Háskóla Íslands*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Harris, B. og Leather, P. (2012). Levels and consequences of exposure to service user violence: Evidence from a sample of UK social care staff. *British Journal of Social Work, 43*(5), 851–869.
- Hoel, H., Cooper, C. L. & Faragher, B. (2001). The experience of bullying in Great Britain: The impact of organizational status. *European Journal of Work and Organizational Psychology, 10*(4), 443-465.
- Hoel, H., Cooper, C. & Rayner, C. (1999). Workplace bullying. Í C. Cooper, & I. Robertson (Eds.), *International review of industrial and organizational psychology 1999. Vol. 14*, 195-230. Chichester: Wiley.
- Inter-parliamentary Union (IPU) (2018). *Sexism, harassment and violence against women in parliaments in Europe*. Sótt af: (<https://www.ipu.org/resources/publications/issue-briefs/2018-10/sexism-harassment-and-violence-against-women-in-parliaments-in-europe>).
- Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.
- Margrét Valdímarsdóttir, Guðný Gústafsdóttir, Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir og Guðný Bergþóra Tryggvadóttir (2019). *Valdbeiting á vinnustað*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- McLaughlin, H., Uggen, C. og Blackstone, A. (2012). Sexual Harassment, Workplace Authority, and the Paradox of Power. *American Sociological Review Vol 77*/4, 625-647.
- Mikkelsen, E. G. og Einarsen, S. (2001). Bullying in Danish Work-Life: Prevalence and Health Correlates. *European Journal of Work and Organizational Psychology, 10*(4), 393-413
- Piquero, N. L., Piquero, A. R., Craig, J. M., og Clipper, S. J. (2013). Assessing research on workplace violence, 2000–2012. *Aggression and Violent Behavior, 18*(3), 383–394.
- Reglugerð nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. Sótt af: <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/velferdarraduneyti/nr/19859>
- Siðareglur fyrir starfsfólk skrifstofu Alþingis. Starfsmannahandbók skrifstofu Alþingis, janúar 2020. (Fengnar frá skrifstofu Alþingis).
- Tourangeau, R. og Yan, T. (2007). Sensitive questions in surveys. *Psychological Bulletin, 133*(5), 859-883.
- Willness, C.R., Steel, P. og Lee, K. (2007). A Meta-Analysis of the Antecedents and Consequences of Workplace Sexual Harassment. *Personnel Psychology. Vol 60*/1, 127-162.